

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. reglnanna:

- a. Í upptalningu lærdómstítla undir tölulið 2.1 í 1. mgr., á eftir orðunum „Master of Education“, bætast við orðin Magister Philosophiae og á eftir skammstöfuninni „M.Ed.“ í sama tölulið bætist við skammstöfunin M.Phil. ásamt orðunum: (sbr. 4. másl. 2. mgr. þessarar greinar).
- b. Á eftir 3. máslíð 2. mgr. bætast við tveir nýir máslíðir, svohljóðandi: Deildum er einnig heimilt við sérstakar aðstæður, sbr. 19. tölulið 69. gr. þessara reglna, að í stað doktorsprófs verði nemandi gefinn kostur á að brautskrást með lærdómstílinn M.Phil. Í slíkum tilvikum skal námsleið til M.Phil.-prófs í viðkomandi deild skilgreind á stigi 2.2, í samræmi við gildandi viðmið mennta- og menningarmálaráðuneytis um æðri menntun og prófgráður.

2. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 14. september 2018.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.